



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

FLÓRGOÐINN

Fréttir af Comeniusarverkefni

Meðal efnis í þessum Flórgoða:

- Frá Stóru upplestrarkeppninni
- Verðlaunasaga úr smásagnasamkeppni
- Einstefna—breyting á akstri um skólalóð
- Vel heppnuð árshátíð unglिंगadeildar
- Reiðhjól og reiðhjólgrind
- Nauðsyn morgunverðar
- Comeniusarverkefni

Í byrjun mars héldu Brynja Björg Bragadóttir og Jenný Berglind Rúnarsdóttir kennarar við Áslandsskóla til Munster í Þýskalandi.

Tilgangur ferðarinnar var þátttaka í Comeniusarverkefni skólans en þar eru einnig skólar frá Kýpur, Slóveníu, Spáni, Finnlandi, Þýskalandi og Írlandi.

Nemendur í 6. bekk unnu verkefni sem bar yfirheitið „The Blackout“ og umræðuefnið var rafmagnsnotkun og

verndun náttúruauðlinda. Verkefnið var unnið með kennsluaðferð sem kallast söguaðferðin.

Allar þjóðirnar sem vinna að þessu verkefni kynntu sinn afrakstur og var gaman að sjá misjafnar útfærslur og fjölbreyttar hugmyndir nemenda. Þátttaka í samstarfsverkefni af þessu tagi gegnir mikilvægu hlutveki í endurmenntun og starfsþjálfun kennara.

EINSTEFNNA Á SKÓLALÓÐ



Á næstu dögum verða breytingar á akstursstefnu á skólalóð Áslandsskóla.

Framvegis verður einungis hægt að aka inn á skólalóðina úr Kríuási og út af henni á móts við Svöluás.

Ökumenn eru beðnir að virða þessar reglur í hvítetna.

Breytingarnar taka gildi um leið og skilti þar af lútandi verða komin upp við sitt hvorn enda lóðarinnar.

GOÐI segir:



Vorið er á leiðinni til okkar.
Flórgoðinn er mættur á Ástjörnina.

FLÓRGOÐINN er fréttablað ÁSLANDSSKÓLA

Öll tölublað Flórgoðans er hægt að finna á vefsetri skólans

<http://www.aslandsskoli.is/florgodinn.htm>

DYR DRAUMANNA

Ómurinn af dyrabjöllunni vakti hana upp úr hugrenningum sínum þar sem hún stóð á ganginum og horfði á spegilmynd sína í gyllta speglinum. Hún flýtti sér eins og hún gat að setja nýja varalitinn á fíngerðar varirnar og kasta sjalínu yfir herðarnar. Áður en hún opnaði hurðina renndi hún hanskaklæddum höndunum niður eftir silkibláa kjólnum í síðasta sinn í von um að hann yrði sléttari. Allar áhyggjur hennar fuku út í veður og vind þegar hún leit aðkomumanninn augum og sólskinsbros breiddist yfir andlit hennar. Fegurð hans sló hana og hjartað fór að hamast í brjósti hennar. Ungi maðurinn var í svörtum jakkafötum, með pípuhatt á höfði og um hálsinn hafði hann svarta slaufu. Hún roðnaði upp í hársrætur þegar hann tók nettu höndina hennar í sína eigin og smellti á hana léttum kossi. Hann brosti stríðnislega til hennar þegar hann rétti úr sér aftur og gleðin skein úr augum hans. Hún lokaði dyrunum á eftir sér og hann leiddi hana út í kvöldkyrrðina. Fyrir utan beið glæsibifreið. Hún hafði aldrei stigið fæti inn í bíl áður. Þetta nýtskulega farartæki rann mjúklega á stað. Hvert förinni var heitið vissi hún ekki.

Bíllinn stansaði fyrir utan tónlistarhöllina. Tunglskinið umlukti hana á alla kanta sem olli því að höllin virtist yfirnáttúruleg og ósnertanleg í stjörnuþjatri nóttinni. Ungi maðurinn opnaði hurðina fyrir henni. Hún steig út á gangstéttina og starði upp á þessa dýrð. Aldrei áður hafði hún komist svona nærri tónlistarhöllinni. Tónlistarhöllin var aðeins ætluð fína fólkinu og því var þetta eins og fjarlægur draumur. Allar stúlkurnar í hverfinu áttu sér þann draum að komast þó ekki væri nema í sjónfæri við höllina.

Ungi maðurinn bauð henni handlegginn og þau gengu tignarlega inn um dyr draumanna. Þegar inn var komið blasti við henni undurfögur sýn. Veggir anddyrisins voru skreyttir með allskyns litamyndum. Mjúkar gylltar línurnar mótuðu fagran draumaheiminn á veggjunum og gáfu ákveðna dýpt í listaverkin. Myndirnar voru svo dýrðlegar að hún náði varla að slíta augun af þeim þegar hann leiddi hana inn í danssalinn. Þar inni umluktu speglar alla veggi. Hún horfði um stund á sjálfa sig þar sem hún stóð í

örmum þessa unga manns. Aldrei á ævinni hafði henni þótt hún vera falleg, hún var bara ein af öllum. Hins vegar geislaði fegurðin núna á móti henni. Ljós húðin glitraði í mjúkri birtunni og vangarnir voru rjóðir sem rósirnar í garðinum hans afa. Ljósá síða hárið var sett upp að aftan og blái, síði silkikjöllinn gaf til kynna að hún væri komin af betri stéttum. Hún brosti framan í spegilmynd sína en sneri sér svo að unga mannum sem var komin í djúpar samræður við fínan herra. Hún sneri sér þess í stað að fólkinu í salnum sem allt var klætt í sitt fínasta púss. Tónlistin ómaði um salinn frá einu horni hans þar sem tónlistarkvartettinn hélt sig. Dansgólfið var fullt af fólki sem sveif tignarlega um í virðulegum dansi en einnig var mikið af fólki sem stóð við yfirhlaðin matarborðin. Hún hafði aldrei séð jafn mikinn mat og þann sem var þarna. Hún gat varla hamið sig fyrir gleði þegar hún áttaði sig á því að langþráði draumurinn hennar væri loks að rætast. Hún var loksins orðin ein af fína samfélaginu. Hér eftir myndi hún lifa lífi ungrar hefðarfrúar með unga herranum. Þau myndu sækja fína viðburði sem þennan og umgangast fínt fólk. Hún gæti fengið allt sem hún óskaði með því einu að smella fingrunum.

Ungi maðurinn tók utan um hana og leiddi hana út á dansgólfið þar sem dansinn dunaði sem aldrei fyrr. Hún sveif yfir glansandi granitgólfið í örmum hans. Það var engin spurning um það að þau áttu hug og hjörtu allra í salnum. Allra augu hvíldu á unga parinu sem geislaði af hamingju á miðju gólfinu. Hún naut athyglinnar vel og brosti blíðlega til fjöldsans. Það sem eftir var kvöldsins leið eins og í draumi. Hún borðaði eins mikið og hún gat í sig látið á milli þess sem hún hringsnerist um dansgólfið í örmum ókunnugra.

Þegar fór að líða á seinni hluta samkomunnar og dansleiknum var við það að ljúka lenti hún aftur í örmum unga mannsins. Hann hvíslaði blíðlega í eyra hennar og hún fann hvernig hjartað sleppti úr slagi. Það var ekki um að villast að hann hafði heillað hana upp úr skónum. Hún hafði fundið draumaprinsinn sinn. Hún var svo hamingjusöm en þó var eitt sem spillti þessu augnabliki og vakti upp spurninguna innra með henni. Þótt fólkið í salnum ætti fín föt, mat svo langt sem augað eygði og auðævi til að halda heilu

DYR...frh.

fjölskyldunum gangandi, virtist það skorta alla gleði og allan lífsneista. Hún horfði sorgmæddum augum á þessar strengjabrúður borgarinnar sem voru ekkert nema tálsýnin ein. Fíni viðburðurinn hafði hulið þetta hingað til en nú var ekki um að villast. Hvers vegna naut fólk það ekki lífsins sem það lifði? En svo áttaði hún sig á því. Hamingjuna var ekki hægt að kaupa. Hamingjan bjó í þeim sem manni þótti vænt um og þeim sem maður elskaði. Þetta fólk var of spillt til að skynja hamingjuna. Vildi hún verði ein af þessu fólk? Allar þessar hugsanir fuku út um gluggann um leið og ungi herrann smellti á hana kossi. Í eitt augnablik lokaði hún augunum, hún var svo hamingjusöm og ánægð með lífið.

Þegar hún opnaði þau aftur var allt breytt. Hún sat á gangstéttarbrúninni í tuttugu metra fjarlægð frá höllinni og starði á spegilmýnd sína í olíublandaða vatnspollinum. Hárið var úfið og skítugt, fatalufsumar rétt héngu utan á horuðum líkamanum. Skólausir fæturnir voru dofnir úr kulda þegar hún reis upp. Hún leit eitt augnablik í áttina að tónlistarhöllinni. Þrúðbúið yfirstéttarfolk streymdi út úr nýtskulegu farartækjunum sínum og inn um inngang hallarinnar. Eitt var víst. Hún myndi aldrei geta stigið fæti inn í þessa fínu tónlistarhöll. Hún strauk í burtu lítið tár sem lak niður skítuga vangana og vafði betur að sér flíkinni. Svo ráfaði hún í burt, burt út í nóttina.

DYR DRAUMANNA er verðlaunasaga Hönnu *Lindar Sigurjónsdóttur* nemanda í 10. bekk Áslandsskóla.

Sagan hafnaði í þriðja sæti í smásagnasamkeppni Hafnarfjarðar.

Þetta var í fyrsta skipti sem Áslandsskóli sendir sögu í keppnina.

STÓRA UPPLISTRARKEPPNIN

Tveir nemendur Áslandsskóla tóku þátt í lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar í Hafnarborg á dögumum.

Þetta voru þau Hekla Sif Magnúsdóttir og Alexander Smári Erlingsson.

Bæði stóðu þau sig framúrskarandi vel.

Hér að neðan gefur að líta frásögn Heklu Sifjar ásamt myndum af keppendum okkar á sviðinu í Hafnarborg.

FRÁSÖGN NEMANDA

Ég heiti Hekla Sif Magnúsdóttir og ég ásamt Alexander Smára vorum valin fyrir hönd Áslandsskóla til að keppa í Stóru upplestrarkeppninni í Hafnarborg árið 2013.

Það er mjög gaman og lærdómsríkt að taka þátt í svona keppni og lærir maður heilmikið um góða framsögn ásamt því að koma fram fyrir fjölda fólks. 19. apríl mun ég og ég flytja ljóð á litlu upplestrarkeppninni í 4. bekk og hlakka ég mikið til.

Kv. Hekla Sif



Morgunverður nauðsynlegur

Það þarf orku í að stunda vinnu, leik eða nám og því er það sem við neytum á morgnana undirstaðan fyrir daginn og raunar lykillinn að því að okkur líði vel og við afköstum því sem við þurfum.

Til að morgunverðurinn teljist vel samansettur þarf hann að innihalda prótein, kalk vítamín og steinefni.

Reiðhjól eiga heima í reiðhjólagrind

Ákveðinn hópur nemenda er nú farinn að koma á hjólum í skólann.

Mikilvægt er að nemendur noti hjólagrind til að geyma hjólin en læsa þeim ekki við grindverk í miðju gróðurbeði. Slíkt skemmir þann gróður sem þar á að vaxa.

Svo verða auðvitað allir þeir sem koma hjólandi að nota hjálm.

Sigmar, "Skuggi" & ungarnir



Frá árshátíð



Kríuási 1
221 Hafnarfirði

Sími: 585 4600
Bréfsími: 585 4610
www.aslandsskoli.is
aslandsskoli@aslandsskoli.is

www.aslandsskoli.is

FLÓRGÓÐINN

Fréttablað Áslandsskóla

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:

Leifur S. Garðarsson
skólastjóri